

DELTA KAPPA GAMMA
FÉLAG KVENNA Í FRÆÐSLUSTÖRFUM
LANDSSAMBANDSSTJÓRN 2001- 2003

Framkvæmdaráðsfundur haldinn laugardaginn 24. ágúst 2002, kl. 9:00 - 12:00 á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Fundargerð:

5 Fundinn sátu: Áslaug Brynjólfsdóttir forseti landssambandsins og aðrar úr stjórn voru Ingibjörg Einarsdóttir fyrsti varaforseti, Kristín Bjarnadóttir, gjaldkeri, Þóra Kristinsdóttir ritari og Sigrún Jóhannesdóttir lögsögumaður. Frá deildum voru eftirtaldir formenn og gjaldkerar: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfa, Margrét Jónsdóttir, Gamma, 8 Anna Þóra Baldursdóttir, Beta, Jónína Eiríksdóttir, Delta, Oddny Björgvinsdóttir, Eta, Sigríður Guttormsdóttir, Epsilon, Björg Björnsdóttir, Epsilon, Inga María Ingvarsdóttir, 13 Þeta.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Áslaug Brynjólfsdóttir forseti setti fund og bauð fundarkonur velkomnar. Kveikt á kertum um leið og minnt var á einkunnarorð samtakanna, vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

2. Kynning stjórnar, formanna og gjaldkera

Fundarkonur kynntu sig og sögðu deili á sér og hlutverkum sínum í samtökunum og störfum í daglegu lífi.

3. Orð til umhugsunar

Anna Þóra Baldursdóttir flutti orð til umhugsunar og sagði frá efni bókar eftir Spencer Johnsson „**Who moved my cheese**“. Hér er um að ræða sögu í anda Lísu í Undralandi. Sögupersónur eru fjórar, tvær mýslur, Sniff og Scerry og tvær litlar manneskjur, When sem er andsnúinn öllum breytingum og Who sem er tilbúinn til að vinna með breytingunum. Sögusviðið nefninst Völundahús (sbr, lífið) og þar kemur fram þörfin á að finna sér stað í lífinu. Persónurnar nærast á osti og sagan segir frá því hvað gerist þegar einhver tekur ostinn frá þeim. Markmiðið með sögunni er að vekja til umhugsunar um hvernig við tökum á breytingum í lífi okkar, stórum sem smáum.

4. Fundargerð síðasta framkvæmdaráðsfundar

Fundargerðinni var dreift meðal fundarmanna, m.a. til að spara tíma og fundarmenn hvattir til að spyrja ef þeir teldu frekari skýringa þörf.

*Ísl. þýðing
þefur og
þeytingur*

5. Yfirlit yfir starfið hér heima sl. ár

(a) Fréttir frá deildum

Alfadeild. Sex fundir voru haldnir á árinu. Tveir fundir voru haldnir heima hjá stjórnarkonum, jólafundur í Miðbæjarskólanum hjá Guðrúnu Halldórsdóttur að venju, Landakotsskóli heimsóttur og sömuleiðis Grafarvogskirkja. Aðalfundur var haldinn í Áslandsskóla þar sem Áslaug skólastjóri sýndi skólann og sagði frá starfsemi skólans. Teknir voru inn tveir nýir félagar á árinu.

Betadeild. Sjö fundir voru haldnir á árinu auk 25 ára afmælishátíðar deildarinnar. Þema vetrarins var safnaheimsóknir og voru eftirtalin söfn heimsótt: Sigurhæðir, bókasafn Háskólans á Akureyri, Safnasafn og Listasafn. Haldið var upp á 25 ára afmæli Laufásbæinn deildarinnar 2. júní. Þar var Magnea Magnúsdóttir frá Kleifum heiðruð fyrir framlag sitt til barnamenningar. Teknir voru inn þrír nýir félagar á árinu.

Deltadeild. Fjórir fundir voru haldnir á árinu. Áspór Magnússon sálfræðingur talaði um heim karlmannna, Jóhanna Karlsdóttir sagði frá námsefni sínu um Leif Eiríksson og landafundi. Einn fundur var sameiginlegur með Epsilondeildinni í Hveragerði. Engin fjölgun félaga á árinu en von til þess að nýir félagar bætist í hópinn með haustinu.

Gammadeild. Sjö fundir voru haldnir á árinu. Áhersla var lögð á að efla innra starf og kynnast lífsháttum hvernar annarrar. María Kjeld sagði frá starfsemi fullorðinsfræðslu fatlaðra, Bryndís Steinþórsdóttir sagði frá sínu starfi og nokkrar aðrar félagskonur komu með stuttar frásagnir úr lífi sínu. Einnig var rætt um hreyfingu, hollustu og forvarnir og í því samhengi flutti Laufey Steingrímsdóttir erindi um næringu og heilsu skólabarna og þjóðarinnar allrar. Einn fundur var sameiginlegur með Etadeild þar sem Sigrún Júlíusdóttir ræddi málefni fjölskyldunnar. Á síðasta fundi vetrarins fór Þórunn Björnsdóttir í tónlist með félagskonum. Teknir voru inn fimm nýir félagar á árinu.

Þetadeild. Sex fundir voru haldnir á árinu. Ýmis efni voru til umfjöllunar. Á fyrsta fundi flutti Valgerður Guðmundsdóttir erindi um menningu í Reykjanesbæ. Annar fundur var sameiginlegur með Etadeil og þar talaði Gylfi Jón Gylfason um 7 greindir Gardners. Safnaðarheimili Grindavíkur var heimsótt og Jóna prestur sagði frá starfi prestsins í Grindavík. Oddný Harðardóttir ræddi gæðastjórn í stjórnun á einum fundi og þema eins fundar voru bækur sem félagskonur höfðu lesið. Teknir voru inn fimm nýir félagar á árinu.

Epsilondeild. Fimm fundir voru haldnir á árinu. Á fyrsta fundi var rætt um framtíð deildarinnar og virkni félaganna. Vera Valgarðsdóttir sagði frá tungumálanámskeiði í Frakklandi. Jólafundur var haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka og í janúar var bókafundur. Fjórði fundur var sameiginlegur með Deltadeild sem kom í heimsókn. Teknir voru inn fjórir nýir félagar á árinu, tveir á jólafundi og tveir á vorfundi

(b) Vorþingið 27. apríl

Sjötiú konur mættu á vorþingið. Þetta var líflegt og gott þing, en lítill tími ætlaður til umræðna um efni þingsins sem var mjög áhugavert. Fundargerð þingsins hefur enn ekki borist, en mun vera á leiðinni. Að þessu sinni verður ekki hægt að gefa út bækling með erindum þingsins eins og gert var eftir seinasta vorþing, þar sem menn voru ekki tilbúnir að skila skriflegum erindum, nema einstaka framsögumaður.

(c) Fréttabréfið

Fréttabréfið kom út einu sinni á árinu. Næsta fréttabréf mun koma út með haustinu. Fyrirspurn barst frá Pálínu Snorradóttur ritstjóra varðandi dreifingu; hvort ekki mætti senda fréttabréfið til deildanna sem síðan dreifðu því til félagsmanna. Þetta var rætt en ákveðið að halda fyrra fyrirkomulagi vegna fyrri reynslu og senda hverjum félagi sitt eintak jafnvel flótt það yrði nokkuð kostnaðarsamara.

(d) Nefndir

Áslaug fór yfir nefndarskipanir, bæði nefndir sem kjörnar voru á landsþingi 2001 og aðrar sem landsambandsstjórn skipar.

(e) Fjölgun félaga

Á síðastlíðnu ári fjölgaði um 19 félaga í samtökunum. Félagatalið er komið í handrit og kemur væntanlega út í næsta mánuði. Það verður gefið út í sama formi og síðast, þ.e.í sérstöku hefti.

(f) Fjármál

Kristín Bjarnadóttir gjaldkeri gerði grein fyrir fjármálum. Veltan er milli 500 og 600 þúsund á ári. Tæplega helmingur upphæðarinnar fer til aðalstöðvanna. Á síðasta landssambandsþingi var árgjaldið hækkað upp í 5000.- krónur. Gjald fyrir hvern meðlim er nú 20 dollarar en var áður 14 dollarar. Stærsti kostnaðarliðurinn innanlands er fréttabréfið. Greiddar eru ferðir fyrir þær konur sem þurfa að sækja fundi landssambandsins langt að. Til sölu eru smávörur (nælur o.fl.) hjá gjaldkera og stendur sá liður að mestu undir sér. Kristín minnti á eyðublöð sem gjaldkerar þurfa að fylla út. Innheimta þarf árgjöld í september /október og senda til gjaldkera landsambandsins fyrir 10. nóvember.

6. Erlent samstarf

(a) Alþjóðþingið í Little Rock

Áslaug sagði frá alþjóðþinginu í Little Rock og dreifði ljósriti um þingið meðal fundarkvenna.

(b) Kjör svæðisstjóra Evrópu

Sigrún Klara Hannesdóttir hlaut kosningu á þinginu sem Svæðisstjóri Evrópusvæðis.

(c) Evrópuþingið 5.-10. ágúst 2003 á Íslandi.

(6. - 9. ág.)
Ljóst er að mikið verkefni er framundan við undirbúning að Evrópuþinginu á næsta ári. Áslaug lagði áherslu á það við formenn að þeir mættu búast við að til fleirri yrði leitað varðandi það að velja fulltrúa í hinar ýmsu undirbúningsnefndir fyrir þingið og vonaði að vel tækist til með allt samstarf.

7. Starfið framundan

(a) Nýjar nefndir vegna Evrópuþingsins og undirbúningur fyrir það.

Sigrún Jóhannesdóttir gerði grein fyrir stöðu mála. Í stýrihópnum fyrir Evrópuþingið eru auk hennar Sigríður Jónsdóttir, Gammadeild og Sigrún Klara Hannesdóttir úr Alfadeild. Auk þess vinnur landsforseti, Áslaug Brynjólfssdóttir, með hópnum. Byrjað var að undirbúa ráðstefnuna fyrir tveimur árum. Svæðisstjórn Evrópusvæðis ber ábyrgð á svæðisráðstefnum. Búið er að festa hótél og fundarstað (Grand Hótél /Lykilhótél) og leggja drög að dagskrá. Ferðaskrifstofa mun hanna ferðir fyrir þátttakendur fyrir og eftir þingið. Þótt mikill undirbúningur hafi þegar farið fram er mesta starfið framundan og þar verða allar deildir að leggja sitt af mörkum. Þema vetrarins í deildunum hlýtur fljótt að vera Evrópuþingið. Markmiðin sem stefnt er að eru fagmennska, árangur, umhyggja og gestrisni.

Skipað hefur verið í eftirfarandi nefndir vegna undirbúningsins:

Fjárhagsnefnd, formaður Kristín Jónsdóttir, Gammadeild. Nefndin gerir fjárhagsáætlun, sér um að framfylgja henni og skila skýrslu.

Skráningarnefnd, formaður Hulda Björk. Nefndin sér um skráningu, útbýr nafnspjöld, þátttökulista, afhendir gögn og skilar skýrslu í lokin.

Kynningar- og listanefnd, formaður Herdís Egilsdóttir. Nefndin gerir tillögur um efni og útbýr kynningarefni til dreifingar (möppur, barmmerki), sér um blómaskreytingar, sér um að bjóða konur velkomnar á herbergin o.s.frv.

Sigrún biður um tilnefningu sem allra fyrst um eina konu úr hverri deild sem yrðu gestgjafar. Þeirra hlutverk er m.a. að taka á móti þátttakendum, hafa umsjón með veitingum (í samráði við veitingasala), sjá um kaffihlé, leiðbeina varðandi staðsetningu fyrirlestra á þinginu, aðstoða maka þátttakanda o.fl.

Aðrar nefndir sem skipað verður í á næstunni eru:

Skemmtinefnd, sem sér um starfið á samkomum og fundum.

Gagnanefnd sem sér um útgáfu á öllu efni ásamt því að annast tölvumál.

Sýningar- og sölunefnd sér um sýningu tengda þinginu (í samvinnu við erlendan fulltrúa).

Sigrún leggur jafnframt áherslu á að formenn hvetji félagskonur til þátttöku á þinginu og að þær taki nú þegar frá umræddan tíma í ágúst.

(b) Efling erlendra samskipta

Áslaug vill hvetja félagskonur til að lesa News þar sem nauðsynlegt sé að fylgjast með því sem er á döfinni í samtökunum. Einnig sé afar mikilvægt að passa upp á að senda umbeðin gögn (eyðublöð) til samtakanna.

(c) Útgáfumál

Ákveðið að gefa út lögin í svipuðu formi og Handbók fyrir formenn og stjórnir.

(d) Landssambandsþing 2003

Ákveðið var að landsambandsþing 2003 skuli haldið á Suðurlandi. Athugað verði með Hótel Selfoss eða Hótel Örk í Hveragerði. Tímasetning: 10. maí 2003. Efni þingsins gæti verið markmið ráðstefnunnar: Fagmennska og gestrisni í framkvæmd.

V. atv. - v. 10/5

8. Önnur mál

Engin mál komu upp undir þessum lið.

Fundi lokið kl. 12:00.

Að loknu hádegishléi kl. 12:30 hófst námsstefna fyrir formenn og gjaldkera og stóð til kl. 16:00. Leiðbeinandi var Sigrún Jóhannesdóttir. Hún fór í gegnum handbók fyrir formenn og stjórnir með fundarkonum ásamt því að leggja fyrir ýmis verkefni er tengjast félagsstörfum. Þátttakendur létu í ljósi ánægju sína með námskeiðið í lokin og töldu að það væri afar gott veganesti fyrir starf þeirra á næstunni.

Fundarritari: Þóra Kristinsdóttir